

4. stjórnarfundur Arnardrangs hses.

17.03.2023

Staðsetning: Ráðhús Árborgar, Selfossi

Fundur hófst klukkan 10:00

Mætt: Fjóla St. Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Íris Ellertsdóttir

Íris Ellertsdóttir ritaði fundargerð.

1. Lánabeiðni vegna framkvæma við Nauthaga 2

Skammtímafjármögnun vegna framkvæmda við Nauthaga 2 er ekki lokið. Fyrir liggur beiðni hjá HMS um skammtímalán vegna framkvæmdanna.

Lagt er til að Arnardrangur hses óski eftir skammtímaláni frá Bergrisanum bs. vegna framkvæmda á byggingu íbúðakjarna við Nauthaga 2. Lánabeiðni er vegna framvindu 5 og 6 að upphæð kr. 19.285.109. Að auki er lagt til að óskað verði eftir láni að upphæð kr. 749.179 vegna reikninga frá VSB verkfræðistofu sem hefur umsjón með verkefninu.

Stjórn Arnardrangs hses. samþykkir að óska eftir láni að upphæð kr. 20.034.288 frá Bergrisanum bs.

2. Afgreiðsla umsóknar Arnardrangs hses um framlag í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Vísað er til erindis Arnardrangs hses. dagsett 30. desember 2022. Sótt var um framlag vegna aðgengismála/framkvæmda við Nauthaga 2 að upphæð 24.259.200 kr.

Ráögjafarnefnd tók málið fyrir á fundi sínum 9. febrúar sl. og var umsókn Arnardrangs hses synjað á grundvelli þess að Jöfnunarsjóður hafi áður veitt framlag vegna verkefnisins í formi stofnframlags.

Fundi slitið kl 10.15

